



**UPPBYGGINGARSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
BÍLAKLÚBBS AKUREYRAR
2019 – 2022**



Akureyrarbæjar, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Bílklúbbur Akureyrar (í samningi þessum nefnt BA), kt. 6600280-0149, Hlíðarfjallsvegi 13, 600 Akureyri gera með sér svofelldan

UPPBYGGINGARSAMNING

1. Markmið

Með samningi þessum eru Akureyrarbær og BA að sameinast um að halda áfram uppbyggingu á félagssvæði BA við Hlíðarfjallsveg sem hófst árið 2011.

Samningur þessi er vegna landmótunar og jarðvegsvinnu vegna uppbyggingar á *Hringaksturs- og Spyrnubraut* á félagssvæði BA við Hlíðarfjallsveg/Hlíðarfjalli, samanber verk- og kostnaðaráætlun í fylgiskjali nr. 1 með þessum samningi. Kostnaður við þær framkvæmdir sem samningurinn tekur til er áætlaður kr. 139.034.800.

Varðandi lóðir og land á félagssvæði BA vísast í rekstrar- og uppbyggingarsamning milli Akureyrarbæjar og BA sem undirritaður var 3. febrúar 2011.

2. Framlög og greiðslur

Akureyrarbær leggur til kr. 60.000.000 á samningstímanum til uppbyggingar á félagssvæði BA, sbr. 1. gr. sem skiptast á eftirfarandi hátt á samningstímanum:

Fjárframlag á árinu 2019	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2020	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2021	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2022	kr. 15.000.000.-

Greiðslur Akureyrarbæjar til BA greiðast eftir framvindu verksins og greiðast við lok verkþátta árið 2019 sbr. fylgiskjal nr. 1.

Greiðslur fyrir árið 2020-2022 greiðast í byrjun mars ár hvert, enda hafi verkið gengið eftir samkvæmt framkvæmdaáætlun BA.

Framlag Akureyrarbæjar er með fyrirvara um samþykki bæjarráðs, ár hvert.

BA á ekki rétt til að krefjast greiðslna samkvæmt samningi þessum, ef bæjarráð samþykkir ekki framlag á fjárhagsáætlun hvers árs.

3. Rekstur og skilyrði

BA skuldbindur sig til að fjármagna framkvæmdir skv. samningi þessum umfram framlag Akureyrarbæjar til landmótunar og jarðvegsvinnu vegna uppbyggingar á *Hringaksturs- og Spyrnubraut* á félagssvæði BA, samtals kr. 76.034.800.

Framlag BA til framkvæmdanna kemur í gegnum tekjur félagsins s.s. vegna ökugerðis og Bíladaga.

Kostnaður og framlag vegna jöfnunarlags og malbiks á félagssvæði BA er ekki hluti af þessum samningi.

Framkvæmd þessa samnings skal vera í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar.

4. **Upplýsingagjöf og framvinda verks**

Stjórn BA skal gera grein fyrir framgangi samningsins og uppbyggingarinnar fyrir fulltrúum Akureyrarbæjar eigi síðar en 1. mars hvert samningsár. Fulltrúar Akureyrarbæjar skulu a.m.k. vera deildarstjóri íþróttamála, fjársýslustjóri, formaður frístundaráðs og sviðstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

5. **Vanefndir og ágreiningur**

Verði framgangur verkefnisins ekki í samræmi við verk- og kostnaðaráætlun samkvæmt fylgiskjali nr. 1 áskilur Akureyrarbær sér rétt til að stöðva greiðslur til BA, þar til úr hefur verið bætt.

Verði verulegar vanefndir eða forsendubrestur er Akureyrarbæ heimilt að segja samningi upp með 3ja mánaða fyrirvara að undangenginni skriflegri áminningu um úrbætur. Ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila skulu þeir leita sátta sín á milli. Ef annar hvor aðilinn telur samning þennan brotinn skal reka málið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

6. **Gildistími og önnur ákvæði**

Þessi samningur er uppsegjanlegur hvenær sem er á samningstímanum með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31.12. 2022.

Akureyri, 7. júní 2019

f. h. BÍLAKLÚBBS AKUREYRAR
Einar Gunnlaugsson formaður


Vottar:


f.h. Akureyrarbæjar
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

 kt. 111264-5549

 kt. 120975-5529